


Fjölbrautaskóli Suðurlands

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2015 til 2016



Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir
Sigursveinn Már Sigurðsson
Pórarinn Ingólfsson
Sjálfsmatsskýrsla FSu 2015 – 2016

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	Bls. 1
Inngangur.....	Bls. 2
Markmið og tilgangur matsins.....	Bls. 2
Aðferðir og framkvæmd matsins.....	Bls. 4
Niðurstöður matsins.....	Bls. 5
Samantekt og ábendingar.....	Bls. 5
Umbótaáætlun.....	Bls. 5
Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan.....	Bls. 6

Fylgiskjöl

Sjálfsmat 22.september 2015.....	Bls. 7
Drög að markmiðum FSu frá janúar 2016.....	Bls. 8
Leiðbeiningar fyrir kennarafund þriðjudaginn 1.mars.....	Bls. 13
Samantekt á hópavinnu kennarafundar 1.mars 2016.....	Bls. 14
Glærur vegna niðurstaðna úr Skólapúlsinum og vinnu kennara frá 1. mars 2016.....	Bls. 19
Könnun á notkun grunnþátta í kennslu.....	Bls. 20
Könnun vegna bóksölu FSu.....	Bls. 27

Inngangur

Fjölbrautaskóli Suðurlands var stofnaður árið 1981 og hefur því verið starfandi í 35 ár á haustdögum 2016. Á heimasíðu skólans kemur fram sýn hans, en hún byggir á því að leggja áherslu á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Að sama skapi segir að skólinn stefni að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám í góðum tengslum við atvinnulífið og að búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi.



Markmið skólans eru fjölbætt og snúa þau að námi og kennslu, mennsku og starfsumhverfi. Möguleiki er að lesa nánar um markmið skólans á heimasíðunni, <http://fsu.is/index.php/markmid>

Á haustönn 2015 var ákveðið að megin viðfangsefni sjálfsmatsins yrði að endurskoða markmið skólans. Ástæða þess að ákveðið var að skoða markmið skólans er að þau þurfa að vera í stöðugri endurskoðun til þess að fá rétt mat á hvert við erum að stefna. Fjölbrautaskóli Suðurlands er

þátttakandi í Skólapúlsinum og var könnun frá Skólapúlsinum lögð fyrir nemendur á haustönninni. Í framhaldinu var ákveðið að við myndum nota niðurstöður þeirrar könnunar til áframhaldandi vinnu. Vorönnin fór að stórum hluta í þá vinnu og komu að henni kennslu- og fagstjórar sem og kennarar skólans. Að lokinni þeirri vinnu var gerð aðgerðaáætlun um hvernig ætti að vinna úr þessum niðurstöðum. Undir lok annar lagði sjálfsmatshópurinn fyrir stutta könnun fyrir kennara. Könnunin gekk út á að athuga hve mikið kennarar væru að vinna með grunnþætti menntunar í kennslunni. Auk þessa var lögð fyrir önnur stutt könnun sem tengdist bóksölu skólans. Unnið hefur verið með ákveðna þætti úr Skólapúlsinum sem við töldum ástæðu til að reyna að bæta og verður fróðlegt að sjá hvort það hafi áhrif á niðurstöður í næsta Skólapúlsi. Starfsumhverfi hefur lítið verið metið síðustu annir og tengist það þeim aðstæðum sem við búum við núna vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar. Fljótlega eftir að húsið verður tekið í notkun verður stefnt að mati á starfsumhverfi.

Markmið og tilgangur matsins

Sjálfsmatsnefnd hefur stjórnað innra mati skólans. Í nefndinni sátu Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson og Þórarinn Ingólfsson. Nefndin var með



fasta tíma einu sinni í viku þar sem farið var yfir það sem var framundan í tengslum við matið og einnig var unnið úr gögnum sem komu inn á borð nefndarinnar. Eins og áður hefur komið fram fólst vinna okkar í því að fara yfir markmið skólans og endurskoða þau. Eðli málsins samkvæmt er nauðsynlegt að gefa sér tíma til að endurskoða hvert við stefnum og er endurskoðun markmiða hluti af því. Varðandi Skólapúlsinn höfum við tekið niðurstöður hans og skoðað okkur í samanburði við aðra framhaldsskóla. Við höfum í flestum tilfellum

fylgt niðurstöðum annarra skóla og ekki hefur verið mikill munur á milli skóla. Sum atriði höfum við þó ákveðið að reyna að vinna að til þess að fá betri niðurstöður og sérstaklega tengist það kennurum og viðmóti þeirra gagnvart nemendum.

Skólapúlsinn var lagður fyrir núna í þriðja sinn. Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2015 og voru teknir út 160 nemendur sem óskað var eftir að svöruðu könnuninni. Alls var fjöldi svarenda 138 eða 86,2% þannig að niðurstöður ættu að vera mjög marktækar. Í Skólapúlsinum eru nemendur spurðir út í marga þætti sem tengjast skólanum. Markmið okkar með þátttöku í könnuninni er að sjá hvar við getum bætt okkur. Matsspurningar eru margar en flokkarnir eru:

1. Námsumhverfi

- 1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum
- 1.2. Samsömun við nemendahópinn
- 1.3. Stuðningur kennara við nemendur
- 1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum
- 1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)
- 1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)

2. Virkni í námi

- 2.1. Námsáhugi
- 2.2. Vinnulag í námi
- 2.3. Fjarvera: Seinkomur í tíma
- 2.4. Fjarvera: Skróp í tíma
- 2.5. Fjarvera án leyfis heilan dag
- 2.6. Ástæður fyrir fjarveru

3. Líðan

- 3.1. Vellíðan
- 3.2. Hamingja
- 3.3. Sjálfsálit
- 3.4. Stjórn á eigin lífi


- 3.5. Þunglyndi
- 3.6. Kvíði
- 3.7. Svefnleysi
- 3.8. Ástæður svefnleysis
- 3.9. Einelti
- 3.10. Áreitni og ofbeldi

4. Opin svör

- 4.1. Mat á líðan
- 4.2. Kennslumat
- 4.3. Lýstu því hvað þér þykir gott við skólann þinn
- 4.4. Lýstu því hvað þér þykir slæmt við skólann þinn

Aðferðir og framkvæmd matsins

Aðferðir sem notaðar voru við framkvæmd sjálfsmatsins voru aðallega tvö konar. Annars vegar var notast við spurningalista og hins vegar var sjálfsmatskerfið „How good is our school“ notað. Spurningalistar tengdust bæði Skólapúlsinum og könnun á notkun grunnskóla í kennslunni. Þegar við höfum verið að meta markmið okkar höfum við notað „How good is our school“ en það kerfi byggir á því að hópar fá ákveðnar



fullyrðingar til þess að meta. Á þessu skólaári var unnið með niðurstöður úr Skólapúlsinum á þann hátt að kennarar voru fengnir til að fara yfir niðurstöður matsins, sem kom frá nemendum okkar, og þeir beðnir um að koma með aðgerðaáætlun. Lögð var áhersla á ákveðna þætti úr Skólapúlsinum þ.e. greinar 1.2 til 1.6 og grein 2.1. Þessi vinna skilaði miklum gögnum um hvernig við gætum reynt að bæta þessa ákveðnu þætti sem um var rætt. Í framhaldi af því fór sjálfsmatshópurinn að

reyna að finna út aðferð til þess að koma þessum upplýsingum til kennara á óhefðbundinn hátt, en á sama tíma að vekja þá til umhugsunar um þættina. Það sem endað var á að gera var mjög óhefðbundið og verður spennandi að sjá hvort það hefur áhrif til bóta að mati nemenda okkar þegar Skólapúlsinn verður lagður fyrir næst. Þessi óhefðbundna aðferð byggði á því að útbúnar voru tíu glærur sem lögðu áherslu á ákveðna þætti sem kennarar komu með sem áhersluþætti til að bæta greinarnar sem farið var yfir úr Skólapúlsinum. Stuðst var við „herra Sælan“ í uppsetningunni og má sjá mynd af einni glærunni hér að ofan þar sem verið var að leggja áherslu á augljósa framsetningu. Þessar glærur voru prentaðar út og settar inn á klósett kennara og einnig á áberandi stað nálægt kaffistofu. Skipt var um glærur á þriggja daga fresti. Almennt

vakti þetta athygli kennara og vonandi hefur þessi herferð fengið þá til að hugsa ýmislegt upp á nýtt.

Kannanir varðandi grunnþættina og bóksöluna voru lagðar fyrir í gegnum „moodle“ kennsluumhverfið og var svörun nokkuð góð. Spurningar um grunnþættina voru lagðar fyrir kennara skólans, en spurningar um bóksöluna voru lagðar fyrir kennara og nemendur.

Niðurstöður matsins

Helstu niðurstöður innra matsins voru að við þurftum að breyta nokkrum markmiðum okkar og uppfæra þau þar sem þau áttu ekki við lengur. Berlega kom í ljós að skoða þarf markmið skólans með reglulegu millibili. Niðurstöður Skólapúlsins sýndu okkur að kennarar mættu standa sig betur þegar kemur að stuðningi við nemendur með hvatningu og upplýsingaflæði. Þennan þátt ætti að vera hægt að bæta og því var farið í átak til þess að hvetja kennara til þess að hugsa um þessa þætti og leggja áherslu á þá í kennslu sinni.

Samantekt og ábendingar

Við upphaf skólaársins var ákveðið að endurskoða markmiðin og má segja að það hafi gengið eftir eins og reiknað var með. Kennarar unnu vel með sjálfsmatshópnum að því að endurskoða og meta markmiðin. Þegar vinnu kennara lauk tók sjálfsmatshópurinn við niðurstöðunum og vann þær áfram. Markmiðin liggja núna frammi á heimasíðunni og má sjá á þeim að þau eru ekki endanleg heldur þarf að endurskoða þau fljótlega aftur. Á næsta skólaári verður stefnt að því að meta hluta þessara markmiða sem búið er að setja fram og þá reynt að gera sér grein fyrir því hvort markmiðum sem við höfum sett okkur sé náð í starfinu. Mikilvægt er að gera sér aðgerðaáætlanir þegar mat liggur fyrir. Í framhaldi af mati setjum við okkur ávallt markmið um hvernig við ætlum að bæta þá þætti sem koma illa út úr matinu. Næst þegar viðkomandi þáttur er síðan metin sjáum við hvort við séum að ná árangri. Sjálfsmatshópurinn hefur oft rætt um miðlun upplýsinga til starfsfólks. Margar leiðir hafa verið reyndar og núna reyndum við enn eina með glærunum sem áður er lýst. Þarna er verið að reyna að fara nýja leið til þess að koma breytingum á með því óbeint að hvetja fólk til að hugsa um áhersluatriði í kennslunni. Framsetningin þótti brotleg og öðruvísi, en það á eftir að koma í ljós hvort hún hefur haft áhrif á kennara okkar.

Umbótaáætlun

Við erum alltaf að reyna að bæta skólastarfið í heild. Sumt gengur mjög vel, en annað miður. Umbætur verða aldrei miklar nema allir leggist á eitt um að vinna að þeim og í flestum tilfellum er starfsfólk tilbúið til þess að vinna að umbótum með jákvæðum huga. Alltaf er verið að reyna að leita leiða til að minnka brotthvarf og styðja nemendur þannig að þeir standist þær einingar sem þeir leggja undir við upphaf annar. Skólinn hefur fengið styrk til þess að vinna að leiðum gegn brotthvarfi og verður spennandi að sjá

hvaða áhrif það verkefni hefur á brotthvarfið. Hluti af því að bæta skólann er að kennarar fylgist vel með og sinni endurmenntun. Þeir þurfa einnig að vera duglegri að tala við nemendur og veita þeim upplýsingar eins og fram kom í Skólapúlsinum. Með glærunum sem við settum fram var verið að reyna að vinna að úrbótum á þeim þætti og kemur væntanlega fljótt fram hvort kennarar reyni að breyta einhverju hjá sér til þess að koma á móts við þessar þarfir nemenda.

Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan.

✚ V 2012

- Nám og kennsla (GNOK) – unnið.

✚ H 2012

- Mennska – unnið. Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.

✚ V2013

- Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.
- Heimasíða skólans var metin.
- Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.

✚ H 2013

- Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
- Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.

✚ V 2014

- Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust **viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum**. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
- Könnun var lög fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót. Niðurstöður úr þeirri könnun liggja fyrir aftast í fylgiskjöllum.
- Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
- Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.

✚ H 2014

- Menntan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð.

✚ V2015

- Jafningjamat fór fram.
- GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum
- Ytra mat var framkvæmt.
- Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar.

✚ H 2015

- Markmið skólans voru yfirfarin og endurskoðuð.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir í þriðja sinn.

✚ V 2016

- Unnið með niðurstöður Skólapúlsins og markmiðin kláruð.
- Lagðar fyrir kannanir tengdar grunnþáttunum og bóksölunni.

Áætlun um sjálfsmat

- ✚ H 2016 – Byrjað verður að meta nýju markmiðin og verður nám og kennsla metin með „ how good is our school“ kerfinu.
- ✚ V 2017 – Nám og kennsla (GNOK). Menntan verður einnig tekin fyrir á þessari önn.

Fylgiskjöl

Sjálfsmat 22.september 2015

Þátttakendur: kennarar skólans

Vinnuferli:

Á fundinum í dag á að ræða markmið skólans.

Hver eiga markmið skólans að vera?

- Skipt verður í 14 hópa.
- Hóparnir ræða mismunandi flokka markmiða (nám, kennsla, stjórnun, o.s.frv.)
- Hver hópur fær fyrst 3-5 mínútur þar sem hver og einn lætur sér detta í hug eins mörg markmið og hann getur og skráir á miða sem fara í sameiginlega hrúgu (líkt og á skólafundi). Athugið að hugmyndin er að skrá niður hver markmiðin ættu að vera, ekki endilega hvernig þau eru í dag.
- Hópurinn fer sameiginlega yfir þau markmið með gagnrýnum huga og talar sig niður á sameiginlega niðurstöðu hópsins sem ritari skráir niður.

- e) Að lokum eru nýju markmiðin borin saman við þau markmið sem fyrir eru (útprentað af heimasíðu). Sum gömlu markmiðana eru úrelt en mögulegt er að hópurinn vilji nota einhver gömlu markmiðana og bæta þeim í sín eigin, þá má vísa til þeirra með rómversku tölunum.
- f) Skila lokaniðurstöðu í möppu sem hefur slóðina:

H:\starfsfolk\Sjalfsmat\Fundur 22.september 2015

Merkja skal skjalið (Hópur 1, Hópur 2, Hópur 3, o.s.frv.)

Hópar 1 og 8:	<i>Nám</i>
Hópar 2 og 9:	<i>Kennsla</i>
Hópar 3 og 10:	<i>Nemendur</i>
Hópar 4 og 11:	<i>Stjórnun</i>
Hópar 5 og 12:	<i>Samstarf við aðra</i>
Hópar 6 og 13:	<i>Fjármál, rekstur og aðbúnaður</i>

Drög að markmiðum FSu frá janúar 2016

Skýringar á bókstöfum innan sviga:

H = How Good is Our School K = könnun G = gátlisti T = tímabundið

1. Nám og kennsla

a. Nám

i. Námsframboð verði endurskoðað á hverri önn, með hliðsjón af framhaldsskólalögum. (H)

- Nýjar námsbrautir/nám verði í boði tengdar nýrri aðstöðu í verknámshúsinu Hamri (haustönn 2017), t.d.: Hársnyrtinám, fjölsmiðjunám, tónsmiðja, ný listnáms- og margmiðlunarbraut (stutt braut) og fleira. (G)

- Framhaldsskólabraut og fleiri styttri brautir verði skoðaðar í tengslum við breytingar á námskrá (haustönn 2016). (T)

- Boðið sé upp á fjölbreytta og áhugaverða áfanga. (H)

ii. Áherslur í námi:

- Nám við skólann ýti undir sjálfstæði, sjálfstraust, sjálfbærni og félagslegan þroska nemenda. (H)
- Nám við skólann ýti undir og stuðli að gagnrýnni hugsun nemenda. (H)
- Nám við skólann ýti undir meðvitund nemenda um sitt nánasta umhverfi. (H)
- Nám við skólann ýti undir og stuðli að auknu upplýsingalæsi nemenda. (H)
- iii. Boðið sé upp á nám í fangelsum og meðferðarstofnunum. (G)
- iv. Námsárangur verði bættur með auknu aðhaldi og námi við hæfi hvers og eins. (H)
 - Nemendur standist meira en 80% eininga sem lagðar eru undir í upphafi annar. (G)
- v. Námsmat:
 - að námsmat sé eins fjölbreytt og kostur er. (H)
 - að námsmat gefi raunhæfa mynd af þekkingu, leikni og hæfni nemanda. (H)
 - að námsmat sé áreiðanlegt og réttmætt. Skoðað í deildum. (H)

b. Kennsla

- i. Kennsluhættir séu fjölbreyttir og taki mið af ólíkum þörfum nemenda. (K)
- ii. Stuðlað sé að endurmenntun kennara. (H)
- iii. Aðbúnaður til kennslu sé sem bestur. (H)
- iv. Gæði kennslu séu sífellt í endurskoðun
 - að 90% nemenda telji að kennslan í skólanum sé mjög góð eða góð. (K)
 - að meðaltali 65% nemenda telji að kennslan í einstökum áföngum sé fjölbreytt. (K)
 - að meðaltali 60% nemenda telji að kennslan í einstökum áföngum sé áhugaverð/skemmtileg. (K)
 - að 80% nemenda telji að kennari beri virðingu fyrir nemendum. (K)
 - Stutt sé við faglegt starf og nýbreytni innan námsgreina. (H)
 - Samstarf sé milli námsgreina. (H)
 - Faglegt starf sé innan sviða. (H)
 - Þróunarvinna og rannsóknarstörf séu stunduð. (H)
- v. Kennsluáætlanir séu skýrar, aðgengilegar og uppfærðar. (G)
- vi. Kennsluáætlanir, prófagerð, yfirferð á prófum verði endurskoðuð á tveggja ára fresti. Næst fyrir vorönn 2017. (G)
- vii. Þörfum um fjölbreytt metnaðarfullt nám á Suðurlandi sé mætt með kennslu í dagskóla. (H)
- viii. Þörfum þeirra sem eiga erfitt með að leggja stund á staðbundið nám sé mætt

með dreifnámi. (H)

ix. Boðið sé upp á stoðtíma fyrir nemendur. (G)

x. Skólinn sé opinn fyrir nýjungum í kennslu. (H)

xi. Boðið sé upp á besta fánlega kennsluefnið á hverjum tíma. (H)

2. Mennska

a. Nemendur

i. Að minnsta kosti 95% nemenda líði vel eða mjög vel í skólanum. (K)

- að 90% nemenda séu ánægðir með veruna í FSu.

- að 90% nemenda séu ánægðir með aðstöðuna í skólanum.

- að 90% nemenda séu ánægðir með félagslífið.

ii. Skólinn stuðli að því að efla gagnrýna hugsun og styrki siðferðiskennd nemenda.

(H)

iii. Brottfall frá upphafi til loka hveðrar annar verði undir 9,0%. (G)

iv. Náms- og starfsráðgjöf:

- Standi vörð um velferð nemenda, styðji þá í námi og aðstoði við val á framhaldsnámi. (H)

- Styðji við nemendur með greiningar og nemendur sem hafa ítrekað fallið í áföngum. (H)

v. Skólinn veiti nemendum með sérparfir þjónustu. (H)

vi. Skólinn stuðli að bættu heilbrigði nemenda. (H)

vii. Einelti sé undir 2%. (K)

viii. Stuðlað sé að styrkari sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda. (H)

ix. Nemendur fái þjálfun í tjáningu. (H)

x. Spornað sé gegn sjálfseyðandi hegðun. (H)

xi. Unnið sé að forvörnum í tengslum við tóbak, áfengi og önnur fíkniefni. (H)

xii. Hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast á sinn einstaka hátt. (H)

xiii. Unnið sé með skyldur og réttindi nemenda. (H)

xiv. Stuðlað sé að styrkari lýðræðisvitund nemenda. (H)

b. Stjórnun

i. Lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í skólanum. (H)

ii. Starfsfólk sé ráðið með tilliti til réttinda og hæfni (sbr. starfsmannastefna,

jafnréttisáætlun). (H)

iii. Unnið verði eftir gæðamatsáætlunarkerfi skólans. (H)

- að greina styrkleika/veikleika skólasamfélagsins. (H)

iv. Líðan starfsmanna og ánægja í starfi sé góð: (K)

- Góður starfsandi (90% mjög góður eða góður). (K)

- Ánægja í starfi (90% mjög ánægðir eða ánægðir). (K)

- Góð vinnuaðstaða (90% mjög góð eða góð). (K)

- Ánægja með stjórnun skólans (90% mjög ánægðir eða ánægðir). (K)

v. Starfsmannaviðtöl verði fastur liður í starfi stjórnenda. (G)

vi. Unnið sé að verkefninu „Skólinn í okkar höndum“. (T)

vii. Unnið verði skipulega að þróunarmálum. (H)

viii. Rannsóknunum á skólastarfinu verði haldið áfram. (H)

ix. Gagnkvæm virðing ríki milli stjórnenda, kennara, annars starfsfólks og nemenda. (K)

x. Stjórnendur sýni starfsfólki skólans faglegt traust. (H)

xi. Starfsmannafélag vinni að jákvæðum félagsanda meðal starfsfólks. (H)

xii. Kennarafélag vinni að hagsmunum kennara og auknum gæðum kennslu. (H)

xiii. Skipurit skólans sé skýrt. (G)

xiv. Stjórnendur skólans leiðbeini nýjum starfsmönnum. (H)

c. Samstarf við aðra

i. Skapaður sé farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu. (H)

ii. Áfram verði unnið í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands (FnS) og Háskólafélag Suðurlands (HFSu). (H)

iii. Skólinn hafi skýra forvarnarstefnu og starfi með sveitarfélögum á svæðinu. (H)

iv. Áframhaldandi samstarf verði við foreldrafélag skólans. (G)

v. Þrískólasamstarfi (FVA, FS og FSu) verði haldið áfram. (H)

vi. Skólinn eigi faglegt samstarf við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins. (H)

vii. Skapa farveg fyrir tengsl við atvinnulífið/samfélagið. (H)

viii. Hollvarðasamtökin:

- Haldi tengslum skólans við fyrrum nemendur sína og komi tengslum á við aðra þá sem bera hag hans fyrir brjósti. (H)

- Styrki og efli skólann eftir fremsta megni, fjárhagslega eða á annan hátt. (H)

ix. Erlend samskipti:

- Veiti nemendum skólans á sem flestum sviðum/brautum tækifæri til að kynnast menningu annarra þjóða. (H)

- Auki víðsýni og samkennd nemenda. (H)

- Stuðli að fjölpættari þekkingu nemenda í þeim námsgreinum sem þeir leggja stund á. (H)

- Styrki kennara skólans faglega og efli sjálfstraust þeirra og víðsýni. (H)

- Kynni skólann og umhverfi hans. (H)

3. Starfsumhverfi

a. Fjármál, rekstur og aðbúnaður

i. Rekstur verði hallalaus og innan marka fjárlaga án þess að þjónusta við nemendur verði skert. (G)

ii. Nemendagarðar og mötuneyti nemenda verði rekin án halla. (G)

iii. Mötuneyti gefi nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði. (H)

iv. Nýting og uppbygging húsnæðis sé í stöðugri endurskoðun með tilliti til þarfa nemenda og starfsfólks.(H)

v. Vinnuaðstaða kennara verði bætt í samráði við Fasteignir ríkissjóðs. (H)

vi. Unnið sé að bættri umgengni í skólanum. (H)

vii. Fyrirbyggja skal slyshættu af vélum, tækjum og skaðlegum efnum sem notuð eru í skólanum. (H)

viii. Bóksala útvegi nemendum og kennurum skólans kennslubækur og önnur kennslugögn á sem lægstu verði. (H)

- Rekstur bóksölu sé sjálfbær. (G)

ix. Tölvukerfi skólans sé öflugt, öruggt og áreiðanlegt. (H)

- Nemendur og starfsfólk geti nýtt sér upplýsinga- og tölvutækni. (H)

- Auðveldi samskipti nemenda og starfsfólks. (H)

- Haldi utan um og varðveiti á öruggan hátt upplýsingar er varða skólann. (H)

x. Skólinn stuðli að góðum samgöngum til að nemendur geti stundað nám við skólann án röskunar á búsetu. (H)

xi. Heimavist gefi nemendum sem búa utan akstursleiða skólans kost á ódýru, öruggu og þægilegu húsnæði í nágrenni skólans. (H)

b. Upplýsingar

- i. Vefur skólans sé aðgengilegur og endurspegli skólanámskrá FSu. (H)
- ii. Tímabundnar upplýsingar er varða skólastarfið séu aðgengilegar. (H)
- iii. Skrifstofa annist ýmsa þjónustu, haldi utan um og miðli upplýsingum er varða skólasamfélagið. (H)
- iv. Bókasafn veiti nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar. (H)
- v. Dagatal veiti greiðan aðgang að dagsetningu atburða er tengjast skólalífínu. (H)
- vi. Handbók kennara verði endurskoðuð fyrir haust 2016 til að kennarar hafi greiðan aðgang að upplýsingum og samræmdum vinnureglum er varða skólastarfið. (T)
- vii. Veffréttum sé haldið úti á Netinu. (H)
- viii. Nemendur og starfsfólk skólans viti hvernig eigi að bregðast við skyndilegum áföllum. (H)
- ix. Upplýsingar um hverjir starfa við skólann séu aðgengilegar. (G)
- x. Skýrslur dragi saman upplýsingar um einstaka þætti skólastarfsins og auki upplýsingaflæði. (H)
- xi. Saga skólans sé sýnileg. (G)

Leiðbeiningar fyrir kennarafund þriðjudaginn 1.mars

Verkefni dagsins er að skoða niðurstöður Skólapúlsins sem var lagður fyrir nemendur á sl. haustönn.

Alls verða tíu hópar og fær hver hópur það verkefni að skoða svör við tveimur spurningum og búa til aðgerðaráætlun með það að markmiði að bæta okkur.

Hafið í huga að samanburðurinn við aðra skóla er ekki aðalatriðið, enda eru ekki margir skólar á bakvið þær niðurstöður.

Skila skal niðurstöðum í möppu á H – drifinu sem er merkt , Kennarafundur 1.mars 2016. Merkið skjalið með bókstaf verkefnanna sem þið svarið og hafið nöfn þeirra sem voru í hópnum í skjalinu.

Óskum eftir úrbótum frá kennurum:

- Hvað eigum við/getum við gert til að bæta þetta?

Mikilvægt að áréttu:

Ekki einblína of mikið á samanburðinn við aðra skóla – bæði eru það ekki margir skólar, og þá er auðvitað verkefnið að bæta okkur.

Við viljum fá eitthvað konkret, aðgerðaráætlun en ekki einhverjar almennar hugleiðingar.

1.3: fjórar spurningar

1.4: fjórar spurningar

1.5: fjórar spurningar

1.6: níu spurningar

Gulir miðar:

- 2-3 mínútur til að skrifa hugmyndir á miða – hugsa innávið, hugsa útfrá sjálfum sér
- Safna saman gulum miðum – sortera hugmyndirnar á blað
- Skrifa niðurstöðurnar í tölvur og skila í möppu á h:drifið

Hver hópur fær blað með leiðbeiningum og myndum af gröfunum fyrir þeirra spurningar:

Hópur 1:

- 1.3.1 og 1.3.2

Hópur 2:

- 1.3.3 og 1.3.4

Hópur 3:

- 1.4.1 og 1.4.2

Hópur 4:

- 1.4.3 og 1.4.4

Hópur 5:

- 1.5.1 og 1.5.2

Hópur 6:

- 1.5.3 og 1.5.4

Hópur 7:

- 1.6.1 og 1.6.2

Hópur 8:

- 1.6.3 og 1.6.4

Hópur 9:

- 1.6.5 og 1.6.6

Hópur 10:

- 1.6.7 og 1.6.8

Samantekt á hópavinnu kennarafundar 1.mars 2016

1.3.1 Kennarinn sýnir áhuga á námi sérhvers nemanda

Kennari geri sér far um að kynna hvern nemanda og átta sig á styrkleikum hans og veikleikum. Komi til móts við þarfir hvers og eins

1.3.2 Kennarinn veitir auka aðstoð ef nemendur þurfa á henni að halda

Kennarar í þessum hóp hafa flestir komið sér upp kerfi til að koma til móts við þá sem á þurfa að halda. Annað hvort er stoðtímum komið inn skipulega eða stoðtími er settur inn eftir þörfum sem tímajöfnun. Í báðum tilfellum er hluti kennslustunda nýttur til aðstoðar. Einnig þekktist í verknáminu að lausir tímar s.s. matartímar og aðrir lausir tímar séu notaðir eða að nemendur fá að sitja í öðrum kennslustundum. Nemendur koma í götunum sínum til kennara til að ljúka verkefnum og taka próf. Einnig er stoð veitt með tölvupóstsamskipti.

1.3.3 Kennarinn heldur áfram að útskýra þar til nemendur skilja

Aðgerðir:

Fjölbreyttari kennsluhættir – breytt framsetning leiðir meiri skilning nemenda t.d.

- Tala hægar
- Vera jákvæður
- Endurtaka með nýrri sýn/leið
- Færri glærur og hnitmiðaðri
- Gátlistar þar sem það á við

Nýta möguleika á að vera með stoðtíma

Viðtöl við nemendur – þar er hægt að hrósa og samtala um stöðu hvers nemenda

Leyfa nemendum að fara þegar þeir hafa skilið efnið eða skilað – meiri tími til að sinna þeim sem eftir sitja.

Hvetja nemendur meira og spyrja nemendur hvort þeir skilji.

Jafningjaaðferðir – jafningjamat – nemendur tala saman og útkýra fyrir hver öðrum.

1.3.4 Kennarinn gefur nemendum tækifæri til að tjá skoðanir sínar

Aðgerðir:

Ná fram umræðu um efnið – mikilvægt

Spyrja nemendur í upphafi – miðju og við lok náms hvernig þeir læra og hvað þeim finnst um efnið/fagið. Hægt að nota umræður með verkstjórn.

Grípa boltann þegar tækifæri gefst í tímum

Hægt að hvetja þau og æfa til að tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega.

Spurningar sem nemendur svara nafnlaust um verkefni og eða áfangann í lokin.

Meginmarkmið að nemendur fái að tjá sig og velta vöngum.

1.4.1 Nemendur fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar

- Nemandi fær tækifæri til að kenna og koma með sínar hugmyndir í kennslu → jafningjakennsla.

- Opnari verkefni, fjölbreyttari skil.

- Athuga að þetta getur verið mjög mismunandi eftir greinum.

- Halda námskeið fyrir kennara (í upphafi skólaárs) þar sem þeim væru gefin verkfæri til að stuðla að virkni nemenda → Meta það í lok skólaárs hvernig gekk.

1.4.2 Nemendur fá tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri

- Hópefli í byrjun annar til að hrista hópinn saman, minnka feimni.

- Stokka upp hópunum þannig að ekki séu alltaf sömu nemendur að vinna saman.

- Endurvekja stjórnmerkjadaga – minnkar klíkumyndun, ólíkir nemendur kynnast, nemendur verða öruggari.

1.4.3 Í tímum eru haldnar rökræður eða skipulagðar umræður

- Setja heimspeki inn í alla áfanga.

- Hver deild skoði kennsluhætti og athugi hvernig hægt er að bæta rökræðum og skipulögðum umræðum inn í kennsluna.

- Fá hugmyndir frá nemendum að rökræðum.

- Getur hentað mis vel í kennslugreinum.
- Hvetja kennara til fjölbreyttra kennsluaðferða.
- Kennarar reyni að nota oftar „ hvað finnst ykkur?“ í kennslunni. Hvetjandi spurningar.
- Fá utanaðkomandi aðila til þess að standa fyrir námskeiði um fjölbreyttar kennsluaðferðir.

1.4.4 Nemendur ræða saman um námsefnið

- Láta nemendur leysa verkefni í litlum hópum, nota þetta í meira mæli.
- Leggja fyrir samþætt verkefni þar sem hver nemandi á að leysa einn þátt sem síðan er skeytt saman í eina heild.
- Enn spurning um fjölbreytni í kennsluaðferðum.
- Nota púslaðferðina, þar sem námsefninu er deilt á nemendur sem þurfa að skýra og deila því á milli sín.
- Er mögulegt að nemendur komi með tillögu að hluta af námsefninu?
- Fá utanaðkomandi aðila til þess að standa fyrir námskeiði um fjölbreyttar kennsluaðferðir.

1.5.1 Kennararnir láta mig vita hve vel mér gengur í náminu

Mætti e.t.v. vera markvissari hvatning

Nemendur hafa mismikla tilhneingingu til samskipta við kennara.

Kennarar eru sífellt að veita endurgjöf

Við teljum að það sé nauðsynlegt að hafa samtál kennara og nemanda með skipulögðum hætti, að nemandi viti að kennara er ekki sama.

1.5.2 Kennararnir ræða við mig um styrkleika mína og veikleika í náminu

Kennari þarf að sýna nemöndum áhuga og ræða opinskátt um styrkleika hans og veikleika með það að markmiði að efla hann í náminu. Ef til vill að boða nemendur í stutt viðtal utan kennslustunda.

1.5.3 Kennararnir segja okkur hvers er vænst af okkur í prófi, skyndiprófi eða verkefni

Gera gátlista fyrir nemendur.

Fyrir hvert verkefni setja markmið og hverju verkefnið eigi að skila.

Upprifjun þegar það á við.

1.5.4 Kennararnir segja mér hvað ég þarf að gera til að verða betri í náminu

Virkja nemendur í Moodle notkun.

Hvetja nemendur í að læra heima og skila verkefnum.

Skipulag fyrir heimanám.

Nýta sér námsráðgjafa.

1.6.1 Kennararnir spyrja okkur spurninga sem fá okkur til að velta námsefninu fyrir okkur

Kennari má ekki að vera of fljótur að svara sínum eigin spurningum.

1.6.2 Kennararnir setja fyrir verkefni sem krefjast þess að við hugsum í talsverðan tíma

1.6.3 Kennararnir biðja okkur að ákveða sjálf aðferðir við að leysa verkefni

- Meiri samvinna nemenda um fjölbreytt verkefni
- Uppgötvunarnám
- Meiri umræður nemenda sín á milli um námsefni
- Hvetja skólasamfélagið til að vera með uppbrot/óhefbundið nám

1.6.4 Kennararnir koma með verkefni þar sem aðferðin til að leysa þau er ekki augljós

- Meiri samvinna nemenda um fjölbreytt verkefni
- Uppgötvunarnám
- Meiri umræður nemenda sín á milli um námsefni
- Hvetja skólasamfélagið til að vera með uppbrot/óhefbundið nám

1.6.5 Kennararnir sýna lausnir verkefna í mismunandi samhengi svo nemendur viti hvort þeir hafi skilið þau

Mikilvægt er að sýna nemendum að margar leiðir geti verið færar til að leysa verkefni.

Hægt er að bregða upp góðri úrlausn til að auka skilning nemenda á námskröfum.

Hægt er að leyfa nemendum að útfæra verkefni á mismunandi hátt.

Nauðsynlegt getur verið að setja verkefni í gott samhengi við líf nemanda og umhverfi.

1.6.6 Kennararnir hjálpa okkur að læra af mistökum okkar

Með því að ræða lausnir við nemendur, nota leiðsagnarmat og leyfa nemendum að vinna verkefni aftur (ferlisritun) myndu margir læra af mistökum sínum.

1.6.7 Kennararnir biðja okkur að útskýra hvernig við höfum leyst verkefni

Nota gátlista til að athuga hvernig nemendur hafi leyst verkefnin.

Gefa tíma í lok hvernar lotu / hvers verkefnis til að nemendur segi frá (súmmari upp).

Gera ráð fyrir því í verkefnislýsingu að nemendur segi frá hvernig þeir hafi leyst verkefnin.

Auðvitað á þetta atriði ekki alltaf við og getur stundum verið til trafala. Hægt er að spyrja hvort þetta atriði (hvernig verkefnið er leyst) minnki tímann í að leysa verkefnið.

Hér getur líka skipt máli hvort um hópverkefni sé að ræða eða einstaklingsverkefni. Það kemur ekki fram í fullyrðingunni.

1.6.8 Kennararnir leggja fyrir verkefni sem krefjast þess að nemendur beiti því sem þeir hafa lært, í nýju samhengi

Er hér átt við yfirfærslu?

Dæmi úr skólastofunni: Nemendur kynni sér námskrá leikskóla og fari síðan í leikskóla og athugi hvernig námskránni sé framfylgt í þessum leikskóla.

Annað dæmi úr skólastofunni: Verkfærastilling. Kennari fer yfir grundvallaratriði í verkfærastillingu. Síðan afstillir hann vélinni lætur nemendur endurstilla vélina (hlusta á ganginn). E-ð sem ekki er hægt að læra af blaði.

Mikilvægt að hafa hugfast að verkefni sem lögð eru fyrir höfði til ólíkra færniþátta (höfði til fjölgreindar nemenda).

Glærur vegna niðurstaðna úr Skólapúlsinum og vinnu kennara frá 1. mars 2016

Við tölum ekki hratt og erum jákvæð í kennslunni

Mundu h-in þrjú: Hvetja Hrósa Brosa

強制學生明白了嗎 Skilja mig allir?

eye + a lightbulb NINGS + s

1 2 3 4

Ég hvet til umræðna

Fyrir hvað stendur F-ið?

7x Tölum saman um... -leika og -leika

Til hvers ætlast ég af nemendum? ...nemendur mínir vita það

5 6 7 8

9x Er nemandinn í fókus?


10x Verkefni

Gleðilega páska

Könnun á notkun grunnþátta í kennslu

Hvaða flokki tilheyrir kennslugreinar þínar?
Veljið það sem á best við.


Answered: 48 Skipped: 0



Answer Choices	Responses
▼ Tungumál	35.42% 17
▼ Samfélagsgreinar	12.50% 6
▼ Raungreinar	6.25% 3
▼ Stærðfræði og tölvugreinar	12.50% 6
▼ List-, verk- og sérgreinar	25.00% 12
▼ Starfsbraut	8.33% 4
Total	48


Vinnur þú með grunnþáttinn læsi í þinni kennslu?

Answered: 48 Skipped: 0



Vinnur þú með grunnþáttinn sköpun í þinni kennslu?


Answered: 48 Skipped: 0



Answer Choices	Responses
▼ mjög oft	29.17% 14
▼ oft	43.75% 21
▼ sjaldan	22.92% 11
▼ aldrei	4.17% 2
Total	48

Vinnur þú með grunnþáttinn sjálfbærni í þinni kennslu?


Answered: 48 Skipped: 0



Answer Choices	Responses
▼ mjög oft	10.42% 5
▼ oft	43.75% 21
▼ sjaldan	31.25% 15
▼ aldrei	14.58% 7
Total	48

Vinnur þú með grunnþáttinn heilbrigði og velferð í þinni kennslu?


Answered: 48 Skipped: 0



Answer Choices	Responses
▼ mjög oft	20.83% 10
▼ oft	41.67% 20
▼ sjaldan	29.17% 14
▼ aldrei	8.33% 4
Total	48

Vinnur þú með grunnþáttinn jafnrétti í þinni kenngu?


Answered: 48 Skipped: 0



Answer Choices	Responses
▼ mjög oft	25.00% 12
▼ oft	43.75% 21
▼ sjaldan	25.00% 12
▼ aldrei	6.25% 3
Total	48

Vinnur þú með grunnþáttinn lýðræði og mannréttindi í þinni kennslu?

Answered: 47 Skipped: 1







Answer Choices	Responses	
▼ mjög oft	23.40%	11
▼ oft	55.32%	26
▼ sjaldan	17.02%	8
▼ aldrei	4.26%	2
Total		47

Könnun vegna bóksölu FSu

Fyrst svör frá kennurum og síðan frá nemendum






1

Mér finnst nauðsynlegt að hafa bóksölu staðsetta í FSu.

Response	Average	Total
mjög sammála	 43%	10
frekar sammála	 35%	8
frekar ósammála	 22%	5
<hr/>		
Total	 100%	23/23






2

Ég nota bóksölu FSu til að selja fjölrítað efni

Response	Average	Total
oft	 22%	5
frekar oft	 17%	4
sjaldan	 26%	6
aldrei	 35%	8
<hr/>		
Total	 100%	23/23





3

Ég nota í minni kennslu kennslubækur sem seldar eru í bóksölu FSu

Response	Average	Total
oft	 78%	18
frekar oft	 13%	3
sjaldan	 4%	1
aldrei	 4%	1
<hr/>		
Total	 100%	23/23

4

Þjónusta bóksölu FSu er góð

Response	Average	Total
mjög sammála	 74%	17
frekar sammála	 22%	5
frekar ósammála	 4%	1
<hr/>		
Total	 100%	23/23

5

Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi bóksölu FSu

Response

Ef leggja á niður bóksölu þarf að tryggja að nemendur geti nálgast námsbækurnar í tæka tíð án mikillar fyrirhafnar.

Fyrir kennarana sem kenna á Litla Hrauni þá er bóksalan eiginlega ómissandi þáttur.






Mjög gott að eiga við Nönnu

Það sem ég hræðist mest við að missa bóksölna úr FSu er að A4 ráði ekki við að þjónusta okkar nemendur. Er hræddur um að nemendur verði ekki komnir með kennslubækur sínar tímanlega í byrjun næstu annar. Það mun þó auðvitað koma í ljós.

bóksalan lengi lifi!




1

Mér finnst nauðsynlegt að hafa bóksölu staðsetta í FSu.

Response	Average	Total
mjög sammála	 67%	79
frekar sammála	 22%	26
frekar ósammála	 8%	9
alveg ósammála	 3%	4
<hr/>		
Total	 100%	118/118






2

Ég leita fyrst að að námsbókum mínum í bóksölu FSu.

Response	Average	Total
já	 47%	55
nei	 53%	63
<hr/>		
Total	 100%	118/118






3

Mér finnst verðið vera sanngjamt í bóksölu FSu.

Response	Average	Total
mjög sammála	 8%	10
frekar sammála	 31%	37
frekar ósammála	 46%	54
alveg ósammála	 14%	17
<hr/>		
Total	 100%	118/118





4

Ég kaupi flestar námsbækur mínar:

Response	Average	Total
í bóksölu FSu	 52%	61
á netinu	 7%	8
af eldri nemendum	 22%	26
í öðrum bókabúðum	 19%	23
<hr/>		
Total	 100%	118/118







5

Þjónusta bóksölu FSu er góð.

Response	Average	Total
mjög sammála	 47%	55
frekar sammála	 50%	59
frekar ósammála	 3%	4
<hr/>		
Total	 100%	118/118

6

Ég verslaði seinast við bóksölu FSu:

Response	Average	Total
vorönn 2016	 86%	101
haustönn 2015	 6%	7
vorönn 2015	 3%	4
fyrir þann tíma	 3%	3
hef ekki verslað við bóksölu FSu	 3%	3
Total	 100%	118/118